



Grundarfjarðarbær

Starf bæjarstjóra

Grundarfjarðarbær auglýsir starf bæjarstjóra laust til umsóknar. Bæjarstjóri er framkvæmdastjóri sveitarfélagsins og yfirmaður starfsmanna þess. Bæjarstjóri annast daglegan rekstur og sér um framkvæmd ákvarðana bæjarstjórnar. Bæjarstjóri gætir hagsmuna bæjarins út á við og annast samskipti við stofnanir, fyrirtæki og samtök. Bæjarstjóri starfar samkvæmt ákvæðum Sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 og annarra laga sem varða starfsemi sveitarfélaga.

- Bæjarstjórinn er í miklu daglegu sambandi við íbúa sveitarfélagsins, starfsmenn og aðra samstarfsaðila og þarf að búa yfir leiðtogaþæfileikum og hæfni til mannlegra samskipta.
- Bæjarstjórinn þarf að búa yfir góðri almennri reynslu og þekkingu á rekstri.
- Þekking og reynsla af sveitarstjórnarmálum er æskileg.
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi er æskileg en önnur menntun og reynsla er einnig metin.

Grundarfjörður er kraftmikið og framsækið samfélag með 910 íbúa. Á staðnum eru, leik-, grunn-, tónlistar- og fjölbrautaskóli og góð grunnþjónusta. Grundarfjörður býr að sterkum sjávarútvegi og vaxandi ferðaþjónustu og Grundarfjörður og Snæfellsnesið allt skartar einstakri náttúru og fjölmörgum sóknarfærum.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Sigurborg Kr. Hannesdóttir, forseti bæjarstjórnar í síma 438-1700. Umsóknir óskast sendar til skrifstofu Grundarfjarðarbæjar, Grundargötu 30, 350 Grundarfirði, merktar „Bæjarstjóri“. **Umsóknarfrestur er til og með 29. júní 2010.**